

LÖG

um breyting á lögum nr. 36 11. júlí 1911,
um forgangsrétt káandidata frá Háskóla Íslands til embætta,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna kemur ný mgr. er orðast svo:

Svo er og ríkisstjórninni heimilt að veita káandidötum í guðfræði frá háskólum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð prestsembætti hér á landi, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum til þess að fá slík embætti og guðfræðideild mæli með því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG

um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram skal fiskkaupandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki sérstakan kostnaðarhlut útgerðar er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Þessi sérstaki kostnaðarhlutur kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Þó skulu 6½% af þeim 29%, sem um getur í 1. mgr., koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum sem eru yfir 240 brúttórúmllestir, en 22½% ekki, og 10½% skulu koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum sem eru 240 brúttórúmllestir og minni, en 18½% ekki.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjárjódsgjalds skv. lögum nr. 4/1976 draga 6% sem sérstakan kostnaðarhlut útgerðar